

**Borgarráð 14. nóvember: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um veg í Gufunesi
MSS24110081**

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsingar um kostnað við bráðabirgðaveg í Gufunesi sem var gerður 2018, en horfinn 2021. Af hverju var þessi vegur gerður? Hver bað um það og samþykkti að eyða skattfé í hann og af hverju var hann fjarlægður? Hvað kostaði að gera hann og hvað kostaði að fjarlægja hann? Hvað á að gera í framhaldinu? Þarna á að vera vegur samkvæmt skipulagi. Af hverju var hann ekki bara gerður strax?